



# Könnun á afkomu fyrirtækja í ferðapjónustu í krefjandi rekstrarumhverfi

Könnun gerð fyrir Ferðamálastofu  
Október 2018



## Inngangur

Mikil umræða hefur farið fram um erfitt rekstrarumhverfi fyrirtækja í ferðapjónustu og að afkoma þeirra hafi versnað á síðustu misserum.

Því hefur einnig verið haldið fram að þótt erlendum ferðamönnum hafi ekki fækkað á árinu 2018 frá fyrra ári sé munur á hegðun þeirra milli ára. Þeir dvelji hér skemur en áður og fara minna út á land. Ferðapjónustuaðilar á höfuðborgarsvæðinu virðast ekki finna fyrir fækkun viðskiptavina en ferðapjónustuaðilar utan höfuðborgarsvæðisins merkja fækkun og virðist hún vera meiri eftir því sem fjær dregur höfuðborgarsvæðinu.

Til að kanna hvort þessar umræður ættu við rök að styðjast fól Ferðamálastofa KPMG að gera úttekt á rekstri fyrirtækja í ferðapjónustu. Ákveðið var að senda beiðni til hótelfyrirtækja, bílaleiga, hópferðafyrirtækja og afþreyingarfyrirtækja þar sem óskað væri eftir upplýsingum um rekstur fyrstu 6 mánuði ársins 2018 samanborið við sömu mánuði ársins 2017. Einnig var áformað að kanna þær breytingar sem orðið hefðu í rekstri fyrirtækja milli ára 2016 og 2017.

Einingis fengust nægar upplýsingar um rekstur fyrstu 6 mánaða ársins 2018 til að byggja á frá hótelum. Upplýsinga um rekstur bílaleiga og hópferðafyrirtækja fyrir árin 2016 og 2017 var aflað úr ársreikningum þeirra. Einnig var haft samband við stjórnendur nokkurra fyrirtækja og aflað almennra upplýsingar um rekstur þeirra á árinu 2018.

Umfjöllunin hér á eftir tekur mið af þeim upplýsingum sem veittar voru og aflað var úr opinberum ársreikningum.

Reykjavík, 17. október 2018.

**KPMG ehf.**

Alexander G. Eðvardsson

## Fyrirvarar

- KPMG hefur unnið skýrslu fyrir Ferðamálastofu um afkomu fyrirtækja í ferðapjónustu með áherslu á fyrstu 6 mánuði ársins 2018.
- Vinnan er unnin í samræmi við verksamning milli aðila og var hún innt af hendi í september og október 2018. KPMG ber ekki ábyrgð á að uppfæra efni skýrslunnar í tengslum við atburði eða upplýsingar sem kunna að koma fram síðar.
- Vinnan er byggð á rekstrarupplýsingum, svo sem ársreikningum og reikningsskilum, frá félögum í ferðapjónustu auk annarra gagna sem KPMG aflaði sérstaklega.
- Ekki hefur verið framkvæmd sérstök könnun á áreiðanleika þeirra gagna sem byggt er á en miðað er við að heimildir séu traustar. KPMG getur ekki ábyrgst nákvæmni né áreiðanleika þeirra upplýsinga sem hér koma fram né að þær séu tæmandi.
- Ekkert í þessari skýrslu ber að túlka sem áreiðanleikakönnun, lögfræði- eða verðmatsráðgjöf.
- Gert er ráð fyrir að skýrsla KPMG verði birt opinberlega eftir að hún hefur verið afhent og gerir KPMG ekki athugasemdir við það.
- KPMG ber enga ábyrgð á ákvörðunum sem teknar verða á grundvelli upplýsinga sem fram koma í skýrslunni.

# Almennar upplýsingar um verkefnið

## Um verkefnið

Vegna mikillar styrkingar á gengi krónunnar á undanförunum árum og hækkunar á rekstrarkostnaði fyrirtækja í ferðaþjónustu, sérstaklega launakostnaði, eru vísbendingar í þá átt að fjöldi fyrirtækja í ferðaþjónustu eigi í umtalsverðum rekstrerfiðleikum. Könnun þessari er ætlað að fá fram upplýsingar um rekstur fyrirtækja 2017 og á fyrstu sex mánuðum 2018 til að kanna hvort vísbendingar um erfið rekstrarskilyrði séu réttar.

KPMG byggði vinnu sína á gögnum frá ferðaþjónustufyrirtækjum, fyrst og fremst upplýsingum úr ársreikningum 2017 og reikningsskilum fyrstu 6 mánaða ársins 2018. Óskað var upplýsinga frá ferðaþjónustufyrirtækjum um rekstur ársins 2017 og fyrstu 6 mánaða 2018, sundurliðað eftir landshlutum hjá þeim hótélum sem hafa með höndum rekstur í fleiri en einum landshluta. Þær upplýsingar sem kynntar eru í skýrslunni eru unnar úr þeim gögnum og upplýsingum sem fyrirtækin veittu. Niðurstöðurnar eru settar þannig fram að ekki er unnt að draga ályktanir um einstaka þátttakendur.

## Hótel

Upplýsingar sem bærust frá hótelfyrirtækjum verða að teljast marktækar fyrir greinina í heild þar sem þær innifela upplýsingar frá fyrirtækjum sem samtals voru með 4315 hótélherbergi í rekstri á fyrstu 6 mánuðum 2018 og námu tekjur þeirra um 13,5 ma.kr. á tímabilinu. Hótélherbergi á landinu öllu eru ríflega 9.500 og þátttaka í könnuninni því viðunandi. Stærstu hótélkeðjur landsins tóku þátt í að veita upplýsingar auk nokkurs fjölda smærri rekstraraðila.

Tölulegar upplýsingar fyrir hótél eru settar fram sundurliðaðar eftir höfuðborgarsvæðinu annars vegar og landsbyggðinni í heild hins vegar. Að auki eru rekstrarupplýsingar settar fram skipt á landssvæði þannig að rekstur hótelfyrirtækja á Vesturlandi, Norðurlandi og Suðurlandi er sýndur sérstaklega.

## Bílaleigur

Ársreikningar 2017 fyrir níu af stærstu bílaleigufyrirtækjunum var aflað hjá ársreikningaskrá og upplýsingar úr þeim notaðar til að greina rekstur árána 2016 og 2017 og þær breytingar sem urðu á rekstri félaganna á þessum árum.

Samanlagðar rekstrartekjur þessara fyrirtækja námu 20,3 ma. kr. á árinu 2017 og heildareignir þeirra voru samtals 36,6 ma.kr. í árslok 2017.

Heildarvelta bílaleigufyrirtækja samkvæmt virðisaukaskattsskýrslum fyrir árið 2017 nam 51,1 ma.kr. Sú fjárhæð innifelur söluverð seldra bifreiða, sem ekki telst til rekstrartekna, og því er þessi fjárhæð ekki góður mælikvarði á umsvif bílaleigufyrirtækja. Ef söluverði seldra bifreiða hjá þeim fyrirtækjum sem innifalin eru í könnun þessari, upp á 9,2 ma.kr., er bætt við rekstrartekjur nemur sú fjárhæð 29,5 ma.kr. og nemur hún 58% af virðisaukaskattskyldri veltu í greininni.

Ekki fengust upplýsingar um rekstur fyrstu 6 mánaða ársins 2018.

## Hópbílafyrirtæki

Ársreikningar 2017 fyrir sex af stærstu hópbílafyrirtækjunum var aflað hjá ársreikningaskrá og upplýsingar úr þeim notaðar til að greina rekstur árána 2016 og 2017. Upplýsingar um rekstur 2015 lágu fyrir frá fyrri könnun og eru þær einnig birtar til frekari upplýsinga um þær miklu breytingar sem orðið hafa í rekstri þessara fyrirtækja á síðustu þremur árum.

Samanlagðar rekstrartekjur þessara sex fyrirtækja námu 13,5 ma.kr. á árinu 2017 og námu heildareignir þeirra samtals 8,0 ma.kr. í árslok 2017.

Ekki fengust upplýsingar um rekstur fyrstu 6 mánaða ársins 2018.

# Samandregnar niðurstöður

## Almennt

- Rekstrarskilyrði fyrirtækja í ferðaþjónustu, sem verðleggja þjónustu sína í erlendum gjaldmiðlum, hafa breyst mikið til hins verra á síðustu árum. Gengi Evru lækkaði t.a.m. um 12,8% frá ársbyrjun 2015 til júníloka 2018 en á sama tíma hækkaði launavísitalan um 27,5%.
- Frá ársbyrjun 2012 til júníloka 2018 hækkaði launavísitalan um samtals 52,8% en gengi Evru lækkaði um 22,4% á sama tímabili.

## Hótel

- EBITDA framlegð hótela á landsbyggðinni var almennt mun lakari en á höfuðborgarsvæðinu á fyrstu 6 mánuðum ársins 2018. Hún var í raun neikvæð á landsbyggðinni í öllum landshlutum, en jákvæð á höfuðborgarsvæðinu.
- Afkoma fyrirtækja virðist versna eftir því sem fjær dregur höfuðborgarsvæðinu. EBIDTA framlegð fyrstu 6 mánuði 2018 var neikvæð á Suðurlandi um 1% af veltu. Hún var neikvæð um 6,1% af veltu á Vesturlandi, en á Norðurlandi var hún neikvæð um 20,4%. Virðist staðfesta þá skoðun að ferðamenn dvelji skemur á landinu, gisti á höfuðborgarsvæðinu en fari síður út á land og því minna sem fjær dregur því.
- Afkoma hótela á höfuðborgarsvæðinu batnaði almennt á árunum 2015-2017 og fór EBIDTA framlegð þeirra úr 6,4% á árinu 2015 í 16,9% árið 2017.
- Afkoma hótela á landsbyggðinni versnaði hins vegar á þessu árabili og fór EBITDA framlegð þeirra úr 6,9% í 2,2%.
- Laun sem hlutfall af tekjum hafa hækkað mikið og eru þau að jafnaði hærra hlutfall af tekjum hjá hótelum á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu. Laun sem hlutfall af tekjum námu 46,9% hjá hótelum á landsbyggðinni 2017 en þetta hlutfall var 38,7% á höfuðborgarsvæðinu.
- Meðalverð á herbergi og herbergjanýting er mun lægri á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu.

## Bílaleigur




- Afkoma bílaleiga lækkaði verulega á milli árána 2016 og 2017 og lækkaði hagnaður þeirra úr 6,3% at tekjum í aðeins 0,5% að meðaltali. Helstu ástæður versnandi afkomu eru hækkun launakostnaðar og aukinn fjármagnskostnaður.

## Hópférfyrirtæki

- Afkoma hópbílafyrirtækja lækkaði verulega milli árána 2015 og 2016 og koma áhrif af hækkun á gengi krónunnar greinilega fram í rekstri þeirra á sama tíma og innlendir kostnaður, eins og laun, hækkaði verulega. Sama þróun varð á árinu 2017 en þá nam tap félaga 1,7% af tekjum, en á árinu 2016 var það 0,6% af tekjum.




# Dæmi um breytingar á rekstrarskilyrðum fyrirtækja í ferðapjónustu

## Breytingar á vísitölum



Heimild: Hagstofa Íslands

## Gengispróun gjaldmiðla gagnvart ISK



Ofangreind þróun hélt áfram á fyrstu 6 mánuðum 2018 því á tímabilinu lækkaði gengi EVRU gagnvart krónunni um 1,4% og gengi GBP lækkaði um 1,2%. Gengi USD hækkaði hins vegar um 1,2% á tímabilinu.

Á sama tíma hækkuðu vísitölur neysluverðs og byggingarkostnaðar um 1,9% og launavísitala hækkaði um 4,4%.

# Dæmi um breytingar á rekstrarskilyrðum fyrirtækja í ferðapjónustu

- Í yfirlitunum á glærunni hér að framan kemur skýrt fram hvernig rekstrarskilyrði fyrirtækja í ferðapjónustu, sem verðleggja þjónustu sína í erlendum gjaldmiðlum, hafa breyst til hins verra á undanföllum árum.
- Frá ársbyrjun 2012 til ársloka 2017 lækkaði gengi Evru gagnvart krónu um 26,4%. Lækkun annarra mikilvægra gjaldmiðla var einnig mikil, þannig lækkaði gengi punds um 32,3% og bandaríkjadals um 18,9%.
- Á sama tíma og gengi krónunnar hækkaði, með samsvarandi lækkun tekna hjá þeim sem selja þjónustu sína í erlendum gjaldmiðlum jókst innlendir kostnaður mikið. Sem dæmi má nefna að launavísitalan hækkaði um 44,3% frá ársbyrjun 2012 til ársloka 2017. Vísitala neysluverðs hækkaði um 11,5% á sama tímabili og byggingarvísitalan um 15,9%.
- Þegar litið er til framangreindra breytinga er ljóst að tekjur fyrirtækja í ferðapjónustu, mældar í krónum, hafa lækkað vegna styrkingar krónunnar á sama tíma og einn helsti kostnaðarliðurinn, laun, hefur hækkað mikið.
- Ljóst er að verð á þjónustu sem verðlögð er í krónum hefur hækkað, mælt í erlendum gjaldmiðlum, sem nemur hækkun krónunnar. Sem dæmi má nefna að þjónusta sem seld er á sama verði í krónum á árinu 2017 og 2012 hefur, mælt í Evrum, hækkað um 35% á þessum árum.

## Óbreytt framlegð í krónum frá 2012

	2012	2013	2014	2015	2016	2017
<b>Rekstrartekjur</b>						
Seld þjónusta .....	170	176	182	188	200	208
<b>Rekstrargjöld</b>						
Vörunotkun .....	20	21	21	22	22	22
Laun og launatengd gjöld .....	65	69	73	78	87	94
Húsnæðiskostnaður .....	32	33	34	34	37	37
Annar kostnaður .....	19	20	20	20	21	21
	136	142	148	154	166	174
Rekstrarhagnaður (EBITDA)	34	34	34	34	34	34
Hlutfall af rekstrartekjum ....	20%	19%	19%	18%	17%	16%
<b>Verð á gistinótt í EUR .....</b>	100	111	118	133	168	166
Breyting milli ára .....		11,0%	6,3%	12,7%	26,3%	-1,2%
<b>Verð á gistinótt í þús. ISK .</b>	17	18	18	19	20	21
Breyting milli ára .....		3,6%	3,2%	3,5%	6,2%	4,2%

- Í töflunni hér að ofan sést að rekstraraðili sem bera þarf innendar kostnaðarhækkunarir í samræmi við hækkun verðlags hefði þurft að hækka verða á þjónustu sinni um 22,5% í krónum til að halda sömu framlegð í krónum 2017 og hann hafði 2012. Mælt í Evrum nemur þessi hækkun 66%.
- Hlutfallslega lækkar framlegðin úr 20% í 16%. Til að rekstraraðili gæti haldið óbreyttu framlegðarhlutfalli, 20%, á árinu 2017 hefði hækkun á verði þurft að vera 28% í krónum en 74% í Evrum.



# Gisting

## Tölulegar upplýsingar

# Rekstrarupplýsingar fyrir fyrstu 6 mánuði áráanna 2018, 2017 og 2016

- Tekjur fyrirtækja sem veittu upplýsingar um rekstur fyrstu 6 mánaða 2018 námu 13,5 ma.kr.
- Upplýsingum er skipt í höfuðborgarsvæðið annars vegar og landsbyggðina í heild hins vegar til að draga fram mismun á milli þessara landssvæða.
- Í töflunni eru veittar upplýsingar um hlutfall hvers tekju- og gjaldaliðar af heildartekjum, rekstrarárangur og EBITDA framlegð.
- Afkoma hótela á höfuðborgarsvæðinu er mun betri en á landsbyggðinni. Athygli vekur að öll árin er rekstrarhagnaður á höfuðborgarsvæðinu en rekstrartap á landsbyggðinni.
- Meðalnýting hótela er mun betri öll árin á höfuðborgarsvæðinu en úti á landi og hefur hún aukist á milli ára á höfuðborgarsvæðinu en ekki úti á landi.
- Meðalverð var einnig nokkru hærra á höfuðborgarsvæðinu en úti á landi.

Yfirlit um rekstur hótela janúar - júní 2018, 2017 og 2016						
	Höfuðborgarsvæðið			Landsbyggðin		
	2018	2017	2016	2018	2017	2016
<b>Tekjur</b>						
Sala á gistingu	66,4%	65,0%	63,6%	57,5%	59,5%	60,2%
Sala á veitingum	28,7%	30,3%	31,2%	41,4%	37,9%	37,6%
Aðrar tekjur	4,9%	4,7%	5,2%	1,1%	2,7%	2,2%
Tekjur	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%
<b>Rekstrarkostnaður</b>						
Vörunotkun	8,7%	11,6%	12,0%	13,9%	17,5%	16,7%
Laun og launatengd gjöld	42,1%	40,4%	40,0%	51,6%	49,7%	47,8%
Húsnæðiskostnaður	20,1%	25,4%	24,3%	29,6%	25,7%	31,6%
Annar rekstrarkostnaður	19,0%	15,7%	15,8%	13,3%	13,4%	13,8%
Afskriftir	5,6%	3,2%	2,4%	2,3%	2,1%	1,1%
Rekstrarkostnaður	95,5%	96,3%	94,6%	110,8%	108,5%	111,1%
Rekstrarhagnaður (-tap)	4,5%	3,7%	5,4%	-10,8%	-8,5%	-11,1%
<b>EBITDA framlegð</b>	<b>10,1%</b>	<b>6,8%</b>	<b>7,8%</b>	<b>-8,5%</b>	<b>-6,4%</b>	<b>-9,9%</b>

## Helstu niðurstöður:

- Verulegur munur er á afkomu fyrirtækja á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni. Afkoma er nokkru betri 2018 en 2017 á höfuðborgarsvæðinu en hún versnar á milli ára úti á landi.
- Veitingasala er mun hærra hlutfall af heildartekjum á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu.
- Launakostnaður er mun hærra hlutfall af tekjum á landsbyggðinni. Launakostnaður hækkar milli ára bæði á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni.



## Gisting

# Rekstrarupplýsingar fyrir fyrstu 6 mánuði áráanna 2018, 2017 og 2016 frh.

- Þegar rekstri fyrirtækja á landsbyggðinni er skipt eftir landssvæðum, Vesturland, Norðurland og Suðurland kemur í ljós að mikill munur er á afkomu.
- Afkoma fyrirtækja á Norðurlandi er áberandi verst. Hún er mun betri á Vesturlandi þó þar sé umtalsvert tap, en minnsta tapið er af rekstri fyrirtækja á Suðurlandi.
- Bæði launakostnaður og húsnæðiskostnaður, sem hlutfall af tekjum, er hæstur hjá fyrirtækjum á Norðurlandi. Þá er annar rekstrarkostnaður einnig hærri þar en annars staðar á landinu.
- Seldar veitingar sem hlutfall af tekjum eru hæstar á Norðurlandi en lægstar á Suðurlandi. Hins vegar virðist álagning af matarsölu vera lægst á Suðurlandi.
- Herbergjanýting var nokkru hærri á Suðurlandi en í öðrum landshlutum þar sem hún var 47-63%. Herbergjanýting á Norðurlandi var 31-54% og á Vesturlandi var hún 35-46%.
- Ekki var marktækur munur á meðalverði á herbergi á milli landshluta. Meðalverð hótela var á bilinu 13.200 – 17.300 kr.

### Helstu niðurstöður:

- Verulegur munur er á afkomu eftir landshlutum. Þannig sker Norðurland sig úr með lægstu afkomuna.
- Nokkur munur er einnig á launakostnaði milli landshluta mælt sem hlutfall af tekjum.

Rekstur hótela á landsbyggðinni janúar - júní 2018			
	Landsbyggðin		
	Vesturland	Norðurland	Suðurland
<b>Tekjur</b>			
Sala á gistingu	57,8%	52,9%	60,4%
Sala á veitingum	41,3%	46,4%	38,0%
Aðrar tekjur	0,9%	0,7%	1,6%
Tekjur	100,0%	100,0%	100,0%
<b>Rekstrarkostnaður</b>			
Vörunotkun	12,3%	13,1%	14,9%
Laun og launatengd gjöld	53,4%	54,0%	49,5%
Húsnæðiskostnaður	28,6%	34,6%	26,4%
Annar rekstrarkostnaður	11,7%	18,7%	10,2%
Afskriftir	4,1%	2,0%	2,0%
Rekstrarkostnaður	110,2%	122,4%	103,0%
Rekstrarhagnaður (-tap)	-10,2%	-22,4%	-3,0%
<b>EBITDA framlegð</b>	-6,1%	-20,4%	-1,0%

# Rekstrarupplýsingar fyrir árið 2017

- Í meðfylgjandi yfirliti kemur skýrt fram að mikill munur var á afkomu fyrirtækja eftir landshlutum. Hún var áberandi best á höfuðborgarsvæðinu, nokkru lakari á Suðurlandi en mun lakari á Vesturlandi og Norðurlandi þar sem fyrirtæki voru rekin með miklu tapi.
- Launakostnaður var mun hærri á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu. Hann var hlutfallslega lægstur á Suðurlandi hjá fyrirtækjum á landsbyggðinni.
- Meðalverð á herbergi var mun hærri á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni. Lauslega áætlað var það um 20% hærri en úti á landi að meðaltali.
- Herbergjanýting var einnig mun betri á höfuðborgarsvæðinu en úti á landi. Hún var nálægt því að vera 85% að meðaltali á höfuðborgarsvæðinu en aðeins um 60% að meðaltali úti á landi. Herbergjanýting var betri á Suðurlandi en í öðrum landshlutum úti á landi.

Yfirlit um rekstur hótela 2017						
		Landsbyggðin			Allt landið	
		Reykjavík	Vesturland	Norðurland	Suðurland	Samtals
<b>Tekjur</b>						
Sala á gistingu		66,1%	56,2%	57,5%	60,1%	64,5%
Sala á veitingum		29,0%	42,8%	41,4%	38,0%	31,4%
Aðrar tekjur		4,9%	1,0%	1,1%	2,0%	4,2%
	Tekjur	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%
<b>Rekstrarkostnaður</b>						
Vörunotkun		8,9%	14,4%	11,8%	15,0%	9,9%
Laun og launatengd gjöld		38,7%	53,5%	51,0%	42,0%	40,4%
Húsnæðiskostnaður		18,6%	15,7%	28,9%	22,4%	19,7%
Annar rekstrarkostnaður		17,0%	20,5%	15,6%	9,7%	16,2%
Afskriftir		5,2%	5,3%	2,4%	2,1%	4,7%
	Rekstrarkostnaður	88,3%	109,4%	109,8%	91,3%	91,0%
Rekstrarhagnaður (-tap)		11,7%	-9,4%	-9,8%	8,7%	9,0%
	<b>EBITDA framlegð</b>	<b>16,9%</b>	<b>-4,1%</b>	<b>-7,4%</b>	<b>10,9%</b>	<b>13,7%</b>

## Helstu niðurstöður:

- Verulegur munur er á EBITDA framlegð eftir landshlutum. Þannig skera Vesturland og Norðurland sig úr með lægstu framlegðina, auk þess sem nýting og meðalverð er að jafnaði lægst í þeim landshlutum. Meðalframlegð var 13,7% á landinu í heild en hún var neikvæð um 7,4% á Norðurlandi og 4,1% á Vesturlandi.
- Mikill munur er einnig á launakostnaði milli landshluta mælt sem hlutfall af tekjum. Svo virðist sem hagkvæmni stærðarinnar komi vel fram í þessum kostnaðarlið á höfuðborgarsvæðinu.

# Rekstur hótela á höfuðborgarsvæðinu

- Þegar lítið er til árána 2015-2017 sést að afkoma hótela á höfuðborgarsvæðinu hefur batnað. Þannig fór EBITDA framlegð úr 6,4% árið 2015 í 14,4% á árinu 2016 og jókst síðan í 16,9% á árinu 2017.
- Nokkrar breytingar eru á milli ára á einstökum gjaldaliðum. Þrátt fyrir það er rekstrarkostnaður sem hlutfall af tekjum sá sami 2017 og 2016 eða 88,3%.
- Herbergjanýting jókst milli ára 2015 og 2016 en var svipuð 2017 og 2016.
- Meðalverð á herbergi hækkaði nokkuð milli ára 2015 og 2016, lauslega áætlað nam hækkunin um 10%. Hins vegar var óveruleg breyting á meðalverði milli 2016 og 2017.

## Rekstur hótela á höfuðborgarsvæðinu 2015 -2017

	2017	2016	2015
<b>Tekjur</b>			
Sala á gistingu	66,1%	65,3%	50,9%
Sala á veitingum	29,0%	29,1%	42,4%
Aðrar tekjur	4,9%	5,6%	6,7%
Tekjur	100,0%	100,0%	100,0%
<b>Rekstrarkostnaður</b>			
Vörunotkun	8,9%	9,5%	14,4%
Laun og launatengd gjöld	38,7%	36,7%	38,8%
Húsnæðiskostnaður	18,6%	23,9%	18,3%
Annar rekstrarkostnaður	17,0%	15,5%	22,1%
Afskriftir	5,2%	2,8%	4,4%
Rekstrarkostnaður	88,3%	88,3%	98,0%
Rekstrarhagnaður (-tap)	11,7%	11,7%	2,0%
<b>EBITDA framlegð</b>	16,9%	14,4%	6,4%

# Rekstur hótela á landsbyggðinni

- Þegar litið er til árána 2015-2017 er ljóst að afkoma hótela á landsbyggðinni hefur sveiflast mikið á þessum árum. Þannig fór EBITDA framlegð úr 6,9% árið 2015 í 9,2% á árinu 2016 en lækkaði síðan í 2,2% á árinu 2017.
- Laun og launatengd gjöld hækkuðu verulega sem hlutfall af tekjum milli árána 2016 og 2017 eða um 5,6 prósentustig. Er þetta sá kostnaðarliður sem hækkaði mest á milli ára.
- Herbergjanýting þessi ár var best 2016 en var nokkru lægri 2017 og 2015. Mikill munur var á nýtingu einstakra hótela á þessum árum og var hún frá því að vera 37% upp í 89%.
- Meðalverð á herbergi hefur aðeins hækkað milli ára, en er þó mun lægra en á höfuðborgarsvæðinu.

Rekstur hótela á landsbyggðinni 2015-2017			
	2017	2016	2015
<b>Tekjur</b>			
Sala á gistingu	58,6%	59,1%	59,5%
Sala á veitingum	39,9%	39,3%	38,2%
Aðrar tekjur	1,5%	1,6%	2,2%
Tekjur	100,0%	100,0%	100,0%
<b>Rekstrarkostnaður</b>			
Vörunotkun	13,8%	15,8%	15,5%
Laun og launatengd gjöld	46,9%	41,3%	41,4%
Húsnæðiskostnaður	23,8%	23,0%	24,8%
Annar rekstrarkostnaður	13,4%	10,7%	11,5%
Afskriftir	2,7%	1,7%	2,0%
Rekstrarkostnaður	100,5%	92,4%	95,0%
Rekstrarhagnaður (-tap)	-0,5%	7,6%	5,0%
<b>EBITDA framlegð</b>	<b>2,2%</b>	<b>9,2%</b>	<b>6,9%</b>

## Gisting

# Rekstur hótela á Norðurlandi

- Afkoma hótela á Norðurlandi er áberandi lakari en í öðrum landshlutum og versnaði hún mjög milli ára 2016 og 2017.
- Laun og launatengd gjöld hækka verulega milli ára 2016 og 2017 eða um 9 prósentustig. Er þetta sá kostnaðarliður sem hækkaði mest á milli ára.
- Meðalnýting árána var lítillega lægri en á Vesturlandi og umtalsvert lægri en á Suðurlandi.
- Meðalverð var nokkru lægra en annars staðar á landsbyggðinni og mun lægra en á höfuðborgarsvæðinu.

### Rekstur hótela á Norðurlandi 2015 -2017

	2017	2016	2015
<b>Tekjur</b>			
Sala á gistingu	57,5%	60,8%	61,6%
Sala á veitingum	41,4%	37,3%	35,8%
Aðrar tekjur	1,1%	1,9%	2,5%
Tekjur	100,0%	100,0%	100,0%
<b>Rekstrarkostnaður</b>			
Vörunotkun	11,8%	15,4%	15,6%
Laun og launatengd gjöld	51,0%	42,0%	41,3%
Húsnæðiskostnaður	28,9%	26,7%	28,6%
Annar rekstrarkostnaður	15,6%	13,1%	14,1%
Afskriftir	2,4%	1,8%	1,9%
Rekstrarkostnaður	109,8%	99,0%	101,5%
Rekstrarhagnaður (-tap)	-9,8%	1,0%	-1,5%
<b>EBITDA framlegð</b>	-7,4%	2,8%	0,4%

# Umboðslaun og bóknanir

- Óskað var upplýsinga um greidd umboðslaun og sölubóknanir til söluaðila. Fram kom að á fyrstu 6 mánuðum ársins 2018 námu þessar greiðslur frá 1% og upp í 11% af tekjum.
- Svo virðist sem ekki sé gerð grein fyrir þessum kostnaðarliðum í bókhaldi fyrirtækja með samræmdum hætti eða þau séu að nýta sér bókunarsíður og umboðsaðila í mismiklum mæli.



# Bílaeigur

## Tölulegar upplýsingar

# Rekstrarupplýsingar fyrir árin 2016 og 2017

- Rekstrarupplýsingar fyrir bílaleigur byggja á ársreikningum níu fyrirtækja sem samtals voru með rekstrartekjur yfir 20 ma.kr. 2017. Lauslega áætlað námu tekjur þeirra fyrirtækja sem könnunin nær til um 58% af heildartekjum í greininni. Upplýsingarnar ættu því að veita góðar upplýsingar um rekstur hennar fyrir árin 2016 og 2017.
- Heildareignir þessara félaga í árslok 2017 námu 36,6 ma.kr. en bókfært eigið fé þeirra nam einungis 3,3 ma.kr. eða 9,0%. Í árslok 2016 námu heildareignir sömu fyrirtækja 30,9 ma.kr. og bókfært eigið fé nam 3,2 ma.kr. og var því 10,3%. Athygli vekur að heildareignir fyrirtækjanna hækkuðu um 18,5% á milli ára.
- Eins og fram kemur í yfirlitinu hér til hliðar jókst rekstrarkostnaður sem hlutfall af tekjum úr 84,8% í 89,2% milli ára. Fjármagnskostnaður jókst einnig, eða úr 7,4% af tekjum í 10,2%. Hagnaður félaganna fór því úr 6,3% af tekjum 2016 í einungis 0,5%. Fjögur af þeim níu félögum sem innifalin eru í þessari könnun voru rekin með tapi á árinu 2017, en þau voru tvö 2016.
- Tekjur jukust um 7,8% á milli ára en rekstrargjöld um 13,3%. Mesta hækkun var í launum og launatengdum gjöldum sem hækkuðu um 21,8% í krónum og fóru úr því að vera 22,5% af tekjum 2016 í 25,4% árið 2017.
- Hækkun fjármagnskostnaðar skýrist fyrst og fremst af óhagstæðri þróun gengismunar milli ára.

Yfirlit um rekstur bílaleiga 2016 og 2017		
	2017	2016
<b>Tekjur</b>		
Sala	89,9%	88,0%
Aðrar tekjur	10,1%	12,0%
Tekjur	100,0%	100,0%
<b>Rekstrarkostnaður</b>		
Rekstrarkostnaður bifreiða	21,5%	21,2%
Laun og launatengd gjöld	25,4%	22,5%
Annar rekstrarkostnaður	14,8%	13,4%
Afskriftir	27,5%	27,8%
Rekstrarkostnaður	89,2%	84,8%
Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði	10,8%	15,2%
Fjármagnskostnaður, nettó	-10,2%	-7,4%
Tekjuskattur	-0,1%	-1,5%
Hagnaður ársins	0,5%	6,3%
<b>EBITDA framlegð</b>	<b>38,4%</b>	<b>43,0%</b>



# Rekstrarupplýsingar fyrir árið 2018

- Ekki fengust upplýsingar um rekstur bílaleigufyrirtækja vegna fyrstu 6 mánaða ársins 2018. Þess í stað var rætt við stjórnendur fyrirtækja sem veittu almennar upplýsingar um rekstur ársins 2018.
- Í samtölum við stjórnendur kom fram að árið 2018 hefur verið krefjandi og rekstrarumhverfi erfitt.
- Mikið offramboð er á bílum yfir vetrarmánuði sem veldur því að verð eru mjög lág á þeim árstíma.
- Sumarið var nokkurn veginn í takt við áætlanir hvað varðar tekjur en kostnaður, þá einkum launakostnaður, hefur farið nokkuð fram úr áætlunum.
- Afkoma í járnum.
- Lækkun á gengi krónunnar á síðustu vikum hefur haft jákvæð áhrif á tekjur vegna þeirra samninga sem gerðir eru í erlendum gjaldmiðlum.

### Fjöldi bílaleigubíla í umferð

Ár	Fjöldi	Fjölgun milli ára
2012	10.092	
2013	11.801	16,9%
2014	14.493	22,8%
2015	17.781	22,7%
2016	21.258	19,6%
2017	25.748	21,1%
2018	27.079	5,2%

Tölurnar hér að ofan sýna fjölda skráðra bílaleigubíla í ágúst mánuði samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands.



# Hópbílafyrirtæki

## Tölulegar upplýsingar

# Rekstrarupplýsingar fyrir árin 2015 til 2017

- Rekstrarupplýsingar fyrir hópbílafyrirtæki á ársreikningum sex stórra fyrirtækja sem samtals voru með rekstrartekjur yfir 13,5 ma.kr. 2017.
- Heildareignir þessara félaga í árslok 2017 námu 8,0 ma.kr. og bókfært eigið fé þeirra nam 1,5 ma.kr. og var 18,8%.
- Í árslok 2016 námu heildareignir sömu félaga 7,6 ma.kr. og bókfært eigið fé nam 1,9 ma.kr. og var eiginfjárlutfall þeirra 25,4%.
- Tekjur félaganna jukust um 4,4% milli árána 2016 og 2017. Hins vegar jókst rekstrarkostnaður þeirra um 5,7% og lækkaði rekstrarhagnaður fyrir fjármagnskostnað úr því að vera 0,3% af tekjum í að vera rekstrartap upp á 1% af tekjum.
- Athygli vekur mikil hlutfallsleg hækkun launakostnaðar milli ára, sem hækkaði úr því að vera 36,0% af tekjum 2015 í 44,4% á árinu 2017.
- Hagnaður sem nam 7,4% af tekjum 2015 hefur snúist í tap sem var 1,7% af tekjum 2017.
- Tekjuskattur er tekjufærsla bæði 2016 og 2017 þar sem verið er að færa skatteign vegna yfiræranlegra skattalegra tapa þessara ára.

## Yfirlit um rekstur hópförðabíla 2015 til 2017

	2017	2016	2015
<b>Tekjur</b>			
Sala	97,3%	97,8%	97,5%
Aðrar tekjur	2,7%	2,2%	2,5%
Tekjur	100,0%	100,0%	100,0%
<b>Rekstrarkostnaður</b>			
Rekstrarkostnaður bifreiða	14,3%	14,6%	13,1%
Aðkeypt þjónusta	27,0%	27,9%	24,4%
Laun og launatengd gjöld	44,4%	43,1%	36,0%
Annar rekstrarkostnaður	8,7%	7,9%	9,3%
Afskriftir	6,6%	6,2%	5,9%
Rekstrarkostnaður	101,0%	99,7%	88,7%
Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði	-1,0%	0,3%	11,3%
Fjármagnskostnaður, nettó	-1,7%	-1,0%	-1,9%
Tekjuskattur	1,0%	0,2%	-2,0%
Hagnaður ársins	-1,7%	-0,6%	7,4%
<b>EBITDA framlegð</b>	<b>5,6%</b>	<b>6,5%</b>	<b>17,1%</b>

# Rekstrarupplýsingar fyrir 2018

- Ekki fengust upplýsingar um rekstur hópbílafyrirtækja vegna fyrstu 6 mánaða ársins 2018. Þess í stað var rætt við stjórnendur fyrirtækja sem veittu almennar upplýsingar um rekstur ársins 2018.
- Í samtölum við stjórnendur kom fram að árið 2018 hefur verið krefjandi og rekstrarumhverfi erfitt og að tap hefði verið af rekstri þeirra á fyrri hluta ársins.
- Mikil samkeppni er í greininni og þá sértaklega við erlenda þjónustuaðila sem koma með hópa til landsins í erlendum hópferðabifreiðum sem greiða engin opinber gjöld hér á landi. Erlendir bílstjórar sem aka þessum bílum fá greidd laun sem eru langt undir lágmarkslaunum hér á landi.
- Ráðist hefur verið í hagræðingaraðgerðir til að lækka kostnað og sífellt er leitað leiða til frekari hagræðingar. Starfsmönnum hefur verið sagt upp störfum og ekki ráðið í stað þeirra sem hætta.
- Dregið hefur verið úr fjárfestingum í hópferðabílum og fyrirtæki eru að horfa til þess að fækka bílum frekar en fjölga þeim. Hins vegar er mjög lítil markaður fyrir notaðar hópferðabifreiðar innanlands.

### Fjöldi hópbifreiða í umferð

Ár	Fjöldi	Fjölgun milli ára
2012	2.084	
2013	2.179	4,6%
2014	2.300	5,6%
2015	2.463	7,1%
2016	2.862	16,2%
2017	3.095	8,1%

Tölurnar hér að ofan sýna fjölda skráðra hópbifreiða í árslok hvers árs hjá Samgöngustofu. Bæði í flokki I og II.



# Tengiliðir

Í tengslum við greinargerð þessa má hafa samband við:

Alexander G. Eðvardsson

Partner hjá KPMG.

[aedvardsson@kpmg.is](mailto:aedvardsson@kpmg.is)





[kpmg.com/socialmedia](https://kpmg.com/socialmedia)



[kpmg.com/app](https://kpmg.com/app)

© 2018 KPMG ehf. á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Cooperative, svissnesku samvinnufélagi. Allur réttur áskilinn.

Nafn og kennimark KPMG eru skráð vörumerki KPMG International.